

Stjórnarfundur Landsbyggðin lifi 15. júní, 2023, kl. 21:30

Á línunni voru: Stefanía, Guðrún, Sigríður, Vigfús, Þórdís, Helga, Hildur og Björgvin sem kom síðar inn á fundinn. Ómar hafði boðað forföll.

Þetta var á dagskrá:

1. Fiðrildaverkefnið: Stefanía og Guðrún kynna breytingartillögu frá Jeff á Spáni varðandi Fiðrildaverkefnið. Farið fram á gífurleg vinnu sem við höfum ekki tök á að sinna. Vinna fyrir 11 til 12 hundruð þúsund, Ítarleg skráning á aðferðafræði verkefnisins, færist úr landi – verkhlutar unnir af öðrum. Samþykkt að þessi vinna færist yfir á samstarfsaðila okkar á Spáni. Tekjumál – hvernig eigum við að fara með þau mál. Þurfum að geta sannað að um launagreiðslur sé að ræða hvað þetta verkefni varðar. Guðrún mælir með að við göngum frá verktakasamningum. Telur hægt að leysa þetta farsællega.
2. OCH (samfélagsverkefnið, Our Civic Heritage) fundur og málstofa, 30. maí. Gekk mjög vel í Gerðubergi og sú heimsókn öll. Fólk frá 15. löndum. Allir gestirnir virðast hafa verið mjög ánægðir.
3. Verkefnalok OCH. Við eigum eftir að skila skýrslu um vinnustofuna/málstofuna fyrir júnílok. Til form fyrir hana. Líklega er einhver þýðingarvinna eftir.
4. Netfundur var í dag hjá Hele Norden ska leva. Stefanía og Bjarni þar með. Verið er að reyna að endurlífga starfið og efla samvinnu um verkefni. M.a. verið að skoða að gera nýja heimasíðu og verið að ræða um samþykkt samtakanna. Rætt um samstarf við Nordregio. Nordregio í haust með fund í Reykjavík 17.-18. okt.
5. Stefanía: Þurfum að deila þremur jákvæðum fréttum inn á fésbókarhóp OCH. Hildur ætlar að þýða grein um hóp kvenna sem þrjóna teppi fyrir ungbarnamæður sem standa höllum fæti. Svo er samstarfsverkenni háskólanema en þeir eru að nýta þekkingu sína og krafta í þágu samfélagsins og samnemenda. Helga nefnir áhugavert starf eldri borgara á Ísafirði. Einnig á Dalvík, Mímisbrunnur síða. Einleikjahátíð á Suðureyri o.fl. m.a. merkur gönguhópur karla á Ísafirði – nefnt í þessu sambandi. Verið er að gera heimildarmynd um smiðjuna á Þingeyri. Helga nefnir dugmikinn menningarfulltrúa í Búðardal. Helga gæti sett eitthvað inn á fésbókarsíðu okkar og við öll. Ættum einnig að fara inn á fésbók Our Civic Heritage sem vísar inn á heimasíðu þeirra. Mikið efni á íslensku á þessum síðum. Gætum kynnt þessi verkefni betur.
6. Aðalfundur og málþing: Funda næst 13. júlí vegna aðalfundar. Vigfús heyra í Þórarni og Bjarna – eigum að finnum húsnæði fyrir fund og málþing. Hildur:

Get skrifað grein þegar dagsetning liggur fyrir. Austurglugginn, viðtal eða fréttatilkynning. Hvað með nýja grein í Bændablaðið sem tengir saman Írlandsgreinina og væntanlegt málþing.

Fundi slitið um kl. 21:40.

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritaði